

Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. (kennitöluluflakk), 277. mál.**

Þann 11. október sl. óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda um ofangreint frumvarp. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið hafi áður verið lagt fram á 150. löggjafarþingi en ekki hlotið afgreiðslu úr nefnd. Það sé því lagt fram að nýju efnislega óbreytt en með minni háttar viðbótum í greinargerð og lagfæringum á orðalagi.

Tilgangur frumvarpsins er að stemma stigu við kennitöluluflakki. Félagið skilaði inn umsögn við fyrra frumvarp þar sem það lýsti yfir stuðningi við frumvarpið án athugasemda. Sá stuðningur er hér með áréttáður enda kennitöluluflakk alvarleg meinsemð í íslensku viðskiptalífi.

Í þessu sambandi telur félagið enn og aftur ástæðu til að vekja athygli þingsins á nauðsyn þess að gera breytingar á 36. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 en ákvæðið í nágildandi mynd auðveldar fyrirsvarsmönnum fyrirtækja að fá eignir á nýtt fyrirtæki eftir gjaldþrot.

Samkvæmt ákvæðinu verður söluveð ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þótt kaupverðið hafi ekki verið greitt. Ákvæðið kemur í veg fyrir að innflytjendur og heildsalar geti gert eignarréttarfyrirvara vegna vara sem ætlaðar eru til endursölu. Sé litið til athugasemda í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögim nr. 75/1997 virðist markmið ákvæðisins vera jafnræði kröfuhafa og réttarvernd graundlausra kaupenda, m.a. neytenda. Ákvæðið hefur þó ekki girt fyrir að aðrir kröfurhafar geti fengið slíkar vörur veðsettar í formi allsherjarveðs. Afleiðingin hefur því verið sú að stórir kröfuhafar geta gengið að vörum sem innflytendur og heildsalar hafa afhent án þess að hafa fengið greitt fyrir þær, Pessari eignatilfærslu er ítrekað beitt í aðdraganda gjaldþrota þar sem fyrirtæki panta vörur af innflytjanda eða heildsala skömmu fyrir þot án þess að greiða fyrir þær, stærri kröfuhafar ganga að vörunum á grundvelli allsherjarveðs og selja vörurnar til sama aðila undir annarri kennitölu. Það er mat félagsins að um óeðlilega eignatilfærslu sé að ræða sem auðveldi fyrirsvarsmönnum fyrirtækja að koma upp lager í nýju fyrirtæki.

Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags atvinnurekenda



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur